



Byggðastofnun
Próunarsvið

Alþingi
Erindi nr. Þ 128/1271

komudagur 24. 2. 2003

Dagsetning
20. febrúar 2003

Iðnaðarnefnd Alþingis
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Iðnaðarnefnd Alþingis hefur óskað eftir umsögn Byggðastofnunar um mál 191, tillögu til þingsályktunar um bættu samkeppnisstöðu atvinnulífs.

Hlutverk Byggðastofnunar er að vinna að eflingu byggðar og atvinnulífs á landsbyggðinni og miðast eftirfarandi umsögn við áhrif tillaganna á þá þætti. Tekið er fram að ekki hefur verið fjallað um umsögnina í stjórn stofnunarinnar.

Í tillögunni er lagt til að Alþingi álykti að fela ríkisstjórninni að láta kanna möguleika á stofnun uppbyggingarsjóða sambærilegra þeim sem Evrópusambandsríkin og Noregur hafa til að efla atvinnu á tilteknum svæðum, endurskipuleggja atvinnulífið og styrkja samkeppnisstöðu þess.

Byggðastofnun telur mikilvægt að styrkja samkeppnisstöðu atvinnulífs á landsbyggðinni og vísar til þingsályktunar um stefnu í byggðamálum fyrir árin 2002-2005, en þar er m.a. lagt til að aukin verði samvinna þeirra opinberu sjóða, sem veita lán eða fjárhagslegan stuðning til nýsköpunar og uppbyggingar. Markmiðið er að samþætta krafta opinberra sjóða sem þjóna fyrirtækjum í öllum atvinnugreinum, með höfuðáherslu á landsbyggðina, hvað varðar alhliða lánastarfsemi, hlutafjárþátttöku, stofnstyrki, áhættulán og verkefnafjármögnun.

Byggðastofnun er ábyrg fyrir framkvæmd málsins, og þar sem niðurstöður liggja ekki fyrir, tekur stofnunin að svo komnu máli ekki afstöðu til þess með hvaða hætti þetta verði gert.

Virðingarfyllt

Dr. Bjarki Jóhannesson
forstöðumaður Próunarsviðs